

Fundargerð aðalfundar Aféttamálafélags Flóa og Skeiða

Haldinn að Þingborg 21.04.2025

1. Fundarsetning. Rúnar Hjálmarsson formaður setti fundinn og stakk upp á Jökli Helgasyni meðstjórnanda sem fundarstjóra og Steindóri Guðmundssyni gjaldkera sem fundarritara og var það samþykkt.

2. Kannað var lögmæti fundarins og voru 8 af 8 fulltrúm mættir.

Frá Sveitarfélaginu Árborg: Ari B. Thorarensen og Baldur Gauti Tryggvason.

Frá Flóahreppi: Þorsteinn Logi Einarsson, Jón Gunnþór Þorsteinsson, Skeggi Gunnarsson og Einar Magnússon.

Frá Skeiða- og Gnúp: Elin Margareta B Moqvist og Ingvar Hjálmarsson.

Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Ágúst Ingi Ketilsson og einnig 16 aðrir gestir.

3. Skýrsla stjórnar. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar.

4. Reikningar félagsins. Gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Umræður og spurningar voru um skýrsluna og svaraði formaður þeim. Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt samhljóða. Umræður og spurningar voru um reikninga og svaraði gjaldkeri þeim. Reikningar félagsins lagðir fram og samþykkt samhljóða.

6. Fjallskil, laun fjallmanna og stjórnar

Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr. 105 á jarðarpúsund, kr. 360 á heimafé og kr. 460 á fjallfé.

Í ljósi lakrar fjárhagsstöðu félagsins er lagt er til að dagkaup fjallmanna verði lækkað um 20% og verði kr. 3.600 per dag og laun í eftirsafni lækki um 20% og verði 18.000.

Jafnframt er lagt til að stjórnarlaun verði einnig lækkuð um 20% og verði 80.000 fyrir formann og gjaldkera og laun meðstjórnanda verði 20.000.

Leiga á húsum verði óbreytt kr 5.500 per mann í Kletti og kr. 4.500 per mann í Hallarmúla.

Nýtt fyrirkomulag er að við bókun húsa greiðist kr. 10.000 staðfestingargjald sem er óafturkræft óháð fjölda sem gista í húsinu hverju sinni. Girðingagjald fyrir hvert hross er kr 150.

7. Landbótaáætlun. Steindór Guðmundsson fór yfir verkefni landbótaáætlunar hvað var borið á og hvað væri framundan. Jökull Helgason kynnti hugmyndir um að flytja lífrænan áburð frá Ósabakka upp á Vikra til uppgræðslu tóku fundarmenn vel í þá hugmynd.

8. Heiðranir. Stjórn Afréttamálaflóga og Skeiða hefur ákveðið að veita heiðursviðurkenningu félagsins í fyrsta sinn. Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningu að þessu sinni eru Hafliði S. Sveinsson og Ragnhildur Helgadóttir, Aðalsteinn Guðmundsson og Ástrún Sólveig Davíðson, Ólafur Einarsson og Kristín Stefánsdóttir fyrir ómetanlegt framlag.

9. Kaffihlé.

10. Kosningar í stjórn. Stjórnarmenn allir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Rúnar Hjálmarsson, Steindór Guðmundsson og Jökull Helgason og var sú tillaga samþykkt samhljóða og skiptist stjórn þannig. Formaður Rúnar Hjálmarsson, gjaldkeri Steindór Guðmundsson. Varastjórn: Elin Margareta B Moqvist og Þorsteinn Logi Einarsson.

11. Önnur mál. Skeggi Gunnarson spyr varðandi bætur vegna lands Rauðukamba. Það stendur þannig að ekki koma til bætur vegna þess.

Ágúst Ingi spyr einnig um bætur vegna Rauðukamba. Rúnar útskýrir stöðuna að það hefði þurft að koma kröfur um bætur fyrir í ferlinu. Samningar hafa náðst um girðingamál og fleira. Ingvar tekur til máls Skeiða- og Gnúpverja hrepps hefur skipulagsvald, breytingar á skipulagi á eru á vegum Sveitarfélagsins. Ari Thoraensen landið sem um ræðir er á Þjóðlendu með leyfi Forsætisráðuneytisins.

Aðalsteinn Aðalsteinsson þakkar fyrir sig og rifjaði upp gamla tíma bæði til gamans og fróðleiks.

Fundarstjóri Jökull Helgason fór með léttu gamansögu og sleit fundi 21:45.